

**Nd. 43. Frumvarp til laga [43. mál]**  
um breyting á lögum nr. 18/1970, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

Flm.: Eðvarð Sigurðsson, Magnús Kjartansson.

**1. gr.**

Við 5. gr. laganna bætist:

Eftirlaun skulu aldrei vera lægri en 2 000 kr. á mánuði að viðbættri visitölu vöru og þjónustu frá 1. janúar 1970.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Í kjarasamningum 1969 voru ákvæði um stofnun margra nýrra lífeyrissjóða fyrir stéttarfélög og fyrirmæli um greiðslur í þá sjóði. Einnig voru í kjarasamningunum ákvæði um eftirlaun til fólks í stéttarfélögum, sem aldurs vegna gat ekki notið réttinda hinna nýstofnuðu sjóða, og skyldu atvinnuleysistryggingasjóður og ríkissjóður standa undir kostnaði af þeim greiðslum. Þessi ákvæði voru staðfest með lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum frá 3. apríl 1970, og eru greiðslur samkvæmt þeim lögum nú komnar til framkvæmda. Við framkvæmdina hefur hins vegar komið í ljós að greiðslur þessar eru í mörgum tilvikum afar lágar og vafalaust mun lægri en höfundar laganna gerðu sér hugmyndir um, m. a. vegna þess, að margir hinna öldruðu unnu skertan vinnutíma á þeim árum, sem miðað er við, er greiðslurnar eru reiknaðar út. Því er lagt til með þessu frumvarpi, að sett verði lágmarksákvæði í lögina. Sú upphæð, sem tillaga er gerð um, er svo lág, að flutningsmenn verða naumast gagnrýndir fyrir óspilunarsemi, en engu að síður mundi hún verða nokkur kjarabót fyrir suma þá, sem nú búa við erfiðasta aðstöðu í þjóðfélaginu.